


Ársskýrsla Keilusambands Íslands

2022-2023



30. þing KLÍ
20. maí 2023



DAGSKRÁ 30. ÞINGS KLÍ

laugardaginn 20. maí 2023

Í húsnæði Íþróttafélags Reykjavíkur að Skógarseli 12, 109 Reykjavík

Dagskrá:

- 1 Þingsetning.
- 2 Kosnir fastir starfsmenn þingsins
- 3 Kosnar fastanefndir:
 - a) Kjörbréfanefnd.
 - b) Fjárhagsnefnd.
 - c) Laganefnd.
 - d) Allsherjarnefnd.
 - e) Kjörnefnd.Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.
- 4 Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
- 5 Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
- 6 Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
- 7 Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
- 8 Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

ÞINGHLÉ

- 9 Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
 - 10 Önnur mál.
 - 11 Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
 - 12 Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
 - 13 Þingslit.
-

SKÝRSLA STJÓRNAR KEILUSAMBANDS ÍSLANDS – KLÍ

Frá 23. maí 2022 – 20. maí 2023

30. ársþing KLÍ haldið af Keilufélagi Reykjavíkur í Íþróttamiðstöðinni í Laugardag, 104
Reykjavík

STJÓRN KEILUSAMBANDS ÍSLANDS

<i>Formaður</i>	Jóna Guðrún Kristinsdóttir
<i>Varaformaður</i>	Guðmundur Sigurðsson
<i>Gjaldkeri</i>	Gunnar Þór Ásgeirsson
<i>Ritari</i>	Geirdís Hanna Kristjánsdóttir
<i>Meðstjórnandi</i>	Vilhelm Einarsson
<i>Varamenn:</i>	Helga Hákonardóttir
	Guðjón Júlíusson
	Svavar Þór Einarsson

SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Jóhann Ágúst Jóhannsson
Ásgrímur Helgi Einarsson

Til vara: Pétur Helgason
Hjalti Ástbjartsson

NEFNDIR OG STARFSHÓPAR

Aganefnd	Stjórn KLÍ	Kerfisstjóri	Þórhallur Hálfðánarsson
Mótanefnd	Geirdís Hanna Kristjánsdóttir Skrifstofa KLÍ	Unglinganefnd	Jónína Björg Magnúsdóttir Halldóra Björk Þórarinsdóttir Vilhelm Einarsson
Tækninefnd	Björn Guðgeir Sigurðsson Hafþór Harðarson Guðmundur Sigurðsson Skúli Freyr Sigurðsson	Upplýsinganefnd	Svavar Þór Einarsson
		Landsliðsnefnd:	Björn Guðgeir Sigurðsson Halldóra Íris Ingvarsdóttir Sigurður Þ. Guðmundsson

Framkvæmda- og íþróttastjóri KLÍ:
Þórarinn Már Þorbjörnsson



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

30. ársþing Keilusambands Íslands
20. maí 2023 – ÍSÍ Laugardal

Þingforseti, kæru keilarar.

Tímabilið 2022 til 2023

Ég vil byrja á að þakka Keilufélagi Reykjavíkur ásamt ÍSÍ fyrir að hýsa þingið í ár, þar sem félagið hefur ekki aðstöðu fram að bjóða voru þau hjá ÍSÍ svo frábær að bjóða fram sína nýju og stórglæsilegu aðstöðu hér í Laugardalnum. Nú er mitt fyrsta ár sem formaður Keilusambands Íslands að líða undir lok og ég verð að segja að það hefur verið ansi lærdómsríkt og ótrúlega skemmtilegt þrátt fyrir krefjandi verkefni á köflum. Ég tók mér nokkuð góðan tíma í upphafi til að komast almennilega inn í öll mál, lesa mig gegnum reglugerðir og allskonar annað efni til að hreinlega kynnst keiluíþróttinni. Þegar maður hefur ekki sjálfur lifað og hræst í sportinu eins og þið flest ef ekki öll hér hafið gert heldur einungis mætt í salinn til að hvetja aðra fjölskyldumeðlimi þá getur regluverkið á bak við ýmsa þætti verið smá frumskógur. Aðrir stjórnarmeðlimir ásamt íþrótt- og framkvæmdastjóra og fyrrum formanni hafa þó verið ótrúlega dugleg að útskýra og koma mér inn í öll þau mál sem mér ber að þekkja og kunna og kann ég þeim miklar þakkir fyrir.

Á síðasta þingi var nokkrum málum vísað til stjórnar til frekari umræðu og ákvörðunartöku og höfum við tekið þau mál og mótað eins og við teljum best. Við í stjórn höfum rætt fyrirkomulag við ákvarðanatökur og það sem mér hefur alltaf gefist best í lífi og starfi er að prufa að gera breytingar til að finna bestu leiðina fyrir alla. Það má alveg prufa að breyta, það er ekki þar með sagt að sú breyting sé endanleg, hún gæti leitt okkur til frekari breytinga eða sýnt okkur að fyrri leiðir eru heppilegri, við þurfum að prufa okkur áfram til að þróast og læra. Það mikilvægasta í slíku ferli er samt að staldra við, líta til baka og meta hvort breytingin var til góðs og skilaði árangri. Við vorum með eitt svona verkefni í gangi á nýafstöðnu tímabili, við skiptum kvennadeildinni aftur í tvennt eftir að hafa spilað hana sem eina deild árið á undan, að loknu tímabili var svo haldinn kvennafundur til að ræða þessa breytingu, kosti hennar og galla ásamt því að ræða viðhorf kvenna til þátttöku í neðri deildum karla og framkvæmd þess. Fundurinn var nokkuð vel sóttur og höfðu konur í keilu tækifæri þar til að ræða öll þau mál sem brenna á þeim, þar kom fram skýr vilji kvenna til þess að spila áfram í tveimur deildum þó með þeim hætti að breyta reglugerð svo ekki yrðu fjögur af sex liðum deildar í umspili líkt og var í vetur. Einnig var töluverður áhugi hjá konunum að fá tækifæri til að spila í neðri deildum karla og var skipulag og fyrirkomulag við slík vensl eða lánsamninga rætt. Þessu til viðbótar komu fram ýmsar hugmyndir um kvennamót, hvata til kvenna að koma í keilu, aðstöðumálin og fleira, góð umræða sem stjórn mun vinna áfram með.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Stjórn tók einnig afstöðu til reglugerðabreytinga sem lagðar voru fram á síðasta þingi og varða meistarakeppni ungmenna og Íslandsmet. Þegar meistarakeppninni var stillt upp í haust var ákveðið að prufa að stilla henni upp í takt við tillögur síðasta þings, þá kom í ljós að í allt of mörgum flokkum var einungis einn eða jafnvel enginn keppandi svo ákveðið var að fá þjálfara liðanna að borðinu til að aðstoða stjórn við að móta fyrirkomulagið, tillögur þjálfaranna voru að halda sömu flokkum en bæta inn forgjöf, mótið var spilað á þann hátt og teljum við það hafa heppnast vel. Nú liggur svo fyrir stjórn tillaga um að prufa að keppa í blönduðum flokki yngri en 12 ára til reynslu. Við lítum með þessari tillögu til vina okkar í Svíþjóð þar sem þetta hefur gefist vel og m.a. skilað öflugum ungum stúlkum upp í kvennaflokkana, þetta er einnig í takt við þá umræðu sem hefur átt sér stað innan íþróttahreyfingarinnar um kynjaskilgreiningar, með þessu erum við að mæta ungmennum sem skilgreina sig á annan hátt en stúlka eða drengur og opna þannig á tækifæri fyrir þá krakka að falla inn í hópinn óháð kynjaskilgreiningum. Tillögu um breytingar á skráningu Íslandsmeta var einnig vísað til stjórnar á síðasta þingi og samþykkti stjórn á fundi sínum í apríl að Íslandsmet yrðu framvegis skráð út frá afmælisdegi iðkanda, ekki bekkjarárgang líkt og lagt var til né afmælisári líkt og tíðkast hefur, við teljum það sanngjarnt og um leið hvata fyrir ungmennin okkar til að leggja hart að sér og gera enn betur. Það er staðreynd að krakkarnir eflast við að eiga möguleika eða jafnvel ná að slá eða jafna fyrri met og um leið skapast hvati til að gera enn betur og því teljum við að með þessari breytingu skapist ákveðið jafnrétti til að ná slíkum árangri.

Mikil vinna hefur farið í gerð nýrrar afreksstefnu sem lögð verður fram hér á eftir til samþykktar, uppbygging stefnunnar byggir á ramma frá ÍSÍ þar sem ríkari kröfur hafa verið gerðar til afreksstefnu sérsambanda í tengslum við útgreiðslur úr afrekssjóði. Drög stefnunnar hafa verið rædd og yfirfarin með hinum ýmsu hagaðilum og má þar telja stjórn, landsliðsnefnd og formenn félaga og hafa allir þessir aðilar fengið að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Framundan eru svo fleiri verkefni þar sem okkar markmið er að vinna stöðugt að þróun og bestun keilunnar á Íslandi. Stjórn hefur ákveðið í samráði við landsliðsnefnd að auglýsa opið til umsóknar á evrópuvísu starf yfirþjálfara landsliða. Mikil vinna hefur farið fram við mótun þessarar hugmyndar en með þessu viljum við prufa að samræma alla umgjörð um landsliðin okkar og meta hvaða árangur næst af slíkri samþættingu. Komin eru drög að starfslýsingu þar sem miðað er við að sá þjálfari sem ráðinn verður skuli framfylgja nýrri afreksstefnu sambandsins, sjá um þjálfun, val og uppbyggingu landsliða en að það verði unnið í samráði við þjálfara félaganna. Hvort sem yfirþjálfari verður innlendur eða erlendur aðili þá verður krafa á að velja innlenda þjálfara með sér í verkefnin og verður slíkt val út frá þörfum þess hóps sem senda á í mótin. Með þessu viljum við sjá hvort við náum að lyfta afrekskeilu á Íslandi á enn hærra plan og skapa þverfaglega samvinnu



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

sem skilar sér í auknum gæðum og samstöðu. Þetta verður keyrt sem tilraunaverkefni og þannig munum við reglulega rýna starfið í samráði við þjálfara og iðkendur til að fá fram ólík sjónarmið um þetta fyrirkomulag.

Á síðasta þingi var mikið rætt um andann innan keilunnar og upplifði ég þetta þegar ég fór að setja mig inn í málin, taka spjallið við félagsmenn og fylgjast með í salnum. Þessi umræða og upplifun var svo kveikjan að útfærslu afmælishátíðar sambandsins á 30 ára afmælinu, okkur langaði að ná öllum saman í salinn á gleðilegum gildum þar sem ekki væri samkeppni og kappsemi heldur einungis njóta þess að spila saman keilu og eiga saman góða kvöldstund án allra formlegheita. Að mínu mati heppnaðist þetta vel, við vorum með fullan sal í fullorðins mótinu og það er meira að segja dæmi um aðila sem fór aftur að spila í mótum og deild eftir að hafa verið með okkur þetta kvöld, mér fannst gaman að upplifa fullan sal af keilurum sem voru afslappaðir, brosandi og hlæjandi og átti mjög ánægjuleg samtöl við marga innan okkar samfélags. Krakkamótið heppnaðist einnig vel og þau nutu sín vel að spila, það var þó heldur meiri alvara og keppnisskap hjá þeim en allt samt í gleði og ánægju, þeim þótti gaman að keppa á móti þar sem vinningarnir voru með öðru sniði en hefðbundið er.

En starfið hefur ekki verið eintóm gleði og hamingja, við höfum einnig þurft að taka á krefjandi málum á borð við formlegar kvartanir, hegðunarmál og persónuleg mál einstaklinga innan okkar raða. Í þessum málum höfum við unnið náið með samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsmála og tel ég þennan kost algjöra byltingu þegar kemur að því að sjálfbóðaliðar sambanda innan íþróttahreyfingarinnar fá í fangið erfið og krefjandi mál sem þarfnast leiðsagnar. Ég vil því þakka ÍSÍ og hrósa þeim fyrir það framtak að bjóða upp á þessa óháðu þjónustu, hún skiptir virkilega sköpum þegar kemur að viðkvæmum og erfiðum málum.

En til að enda þetta á gleðilegum nótum þá heppnaðist RIG í ár einstaklega vel undir dyggri stjórn Harðar Inga Jóhannessonar og vil ég þakka honum mjög svo óeigingjarnt starf í utnumhaldi mótsins, ótrúlega gott að hafa hans reynslu og þekkingu í svona stóru verkefni. Stjórnarmennirnir Gunnar og Vilhelm héldu utan um skipulagningu, auglýsingamál og fleira við mótið og það var einnig mjög gott að hafa svona öfluga aðila í aðdraganda mótsins ásamt því að Vilhelm stýrði útsendingu með glæsibrag, takk fyrir ykkar framlag. Við erum stórhuga þegar kemur að næsta RIG móti og undirbúningsvinnan þegar farin af stað til að gera það mót enn stærra og faglegra, við munum upplýsa um það við fyrsta tækifæri. Ég stóð vaktina allt mótið og það var ótrúlega skemmtilegt og lærdómsríkt, að því sögðu þá langar mig að hvetja alla sem vettlingi geta valdið að bjóða sig fram til að aðstoða við næsta mót, þetta er ógerlegt án sjálfbóðaliða og vorum við heldur



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

fá þetta árið, það lenti mikil vinna á fáum höndum svo ef við ætlum okkur að stækka þá verðum við öll að leggjast á eitt og hjálpast að við svona verkefni.

Að lokum eru það aðstöðumálin, þar vil ég þakka ÍR fyrir vasklega framgöngu og þó maður heyri í samtalinu að fólki finnist eins og ekkert sé að gerast í þessum málum þá er það bara svo að svona stór mál taka tíma. Það er búið að leita ýmissa leiða en nú horfir þó til þess að aðstöðu verði komið fyrir á ÍR svæðinu, hönnunar og teikningavinna er í gangi, stjórn ÍR hefur tekið mjög vel í málið nú þurfum við bara að vona að fjárhagsvandi Reykjavíkurborgar tefji þessa vinnu ekki frekar. Við höfum einnig átt samtöl út á land, m.a. Selfoss og Akureyri og höldum áfram að þrýsta á þar ásamt fleiri stöðum. Uppbygging er að hefjast á KR svæðinu og mætti fulltrúi frá stjórn Keilusambandsins á aðalfund þar til að vekja máls á keiluíþróttinni svo það má segja að við séum með alla anga úti.

Jóna Guðrún Kristinsdóttir
Formaður Keilusambands Íslands



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

KEPPENDUR Í KEILU – IÐKENDUR

Á þessu keppnistímabili var keila iðkuð hjá sex félögum frá þremur héraðssamböndum. Keppendum fjækkaði síðastliðið almanaksár um 6, þessa fækkun má aðallega rekja til COVID. Það er von okkar að með bættri æfinga og keppnis aðstöðu verði hægt að auka útbreiðslu Keiluíþróttarinnar. Vonandi tekst aftur að koma upp aðstöðu til æfinga og keppni á Akureyri. Það er áhyggjuefni að iðkendum í keilu heur fækkað á síðustu 9 árum um 110 eða um 30%. Þó örlar fyrir viðsnúningi efti að COVID tímabilinu lauk og hefur fjölgunin verið mest í ungmennastarfinu. Fjölgun var í liðakeppni milli ára um 3 lið, en 43 lið tók þátt. Tölur KLÍ og félanna gefa e.t.v. ekki alveg rétta mynd af fjölda iðkenda.

Tafla 1, Keilufélög og deildir,
fjöldi keppenda frá árinu 2016 skv. KLÍ

Félag / Keiludeild	Íþr. Bandalag	Stofnað	Keppendur 2016	Keppendur 2017	Keppendur 2018	Keppendur 2019	Keppendur 2020	Keppendur 2021	Keppendur 2022
Samtals			303	281	250	251	219	213	259
KFR	ÍBR	10.09.1985	79	77	61	54	48	45	59
KR	ÍBR	27.06.1990	21	13	7	4	4	3	8
ÍR	ÍBR	31.08.1994	134	120	119	126	106	112	127
KDK	ÍBR	28.08.2009							
Fylkir	ÍBR	1994							
ÍFH	ÍBR	1994							
KSÁÁ	ÍBR	1997							
HK	UMSK	1994							
KGB	UMSK	25.05.1989							
Keflavík	ÍRB	1995							
KFK	UMSK	01.02.2004							
KFA	ÍA	31.08.1997	43	45	40	34	33	29	35
Þór	IBA	2011	26	26	23	19	11	9	10
Ösp	ÍBR					14	17	15	20

Skipting milli aldurs og kynja árið 2022

	2022				2021	2020	2019	2018	2017
	Karlar	Konur	Samtals		Samtals	Samtals	Samtals	Samtals	Samtals
Undir 18	32	18	50	19%	32	36	49	50	63
18-50	82	40	122	47%	107	109	123	128	137
50 og yfir	56	31	87	34%	74	74	79	72	81
Samtals	170	89	259		213	219	251	250	281
	66%	34%							

Kynjahlutfallið er svipað á milli ára en þó hafa konur sótt aðeins á og eru nú 34% en voru 32% árið 2021



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

KEILUSALIRNIR

Mótshald á vegum Keilusambands Íslands fór fram í tveimur keilusölum í vetur:

- *Keiluhöllinni í Egilshöll, 22 brautir.*
- *Keilusalnum Akranesi, 3 brautir.*

VIÐURKENNINGAR Á TÍMABILINU

Stjórn Keilusambandsins hefur valið þau LindaHrönn Magnúsdóttir úr ÍR og Hafþór Harðarson úr ÍR keilara ársins 2022.

Linda Hrönn Magnúsdóttir ÍR

Linda Hrönn Magnúsdóttir er keilari ársins í kvennaflokki og er það í fyrsta sinn sem hún hlýtur þann titil. Linda varð á árinu íslandsmeistari einstaklinga, stigameistari kvenna, sigraði Íslandsmót para ásamt Gunnari Þór Ásgeirssyni ásamt því að ná 2. sæti í deildinni með liði sínu ÍR-TT. Þessu til viðbótar náði Linda Hrönn á verðlaunapall á Evrópumóti öldunga þegar hún náði 3. sæti eftir harða og spennandi keppni.

Hafþór Harðarson ÍR

Hafþór Harðarson er keilari ársins í karlaflokki og er það í áttunda sinn sem hann hlýtur þennan titil. Hafþór hefur verið virkur í mótum á árinu og náð frábærum árangri bæði persónulega og með liði sínu ÍR-PLS. Hafþór varð á árinu íslandsmeistari einstaklinga, reykjavíkurmeistari og lenti í 2. sæti á RIG.

Í deildinni átti Hafþór hæsta leikinn í karlaflokki með 290 pinna, hann átti hæsta meðaltal 219,33 ásamt því að vera fellukóngur með að meðaltali 6,64 fellur í leik. ÍR-PLS urðu bikar- og deildarmeistarar með hæsta meðaltal í deildinni ásamt því að hljóta stjörnuskjöldinn.

30 ára afmæli KLÍ

Afmælishátíð var haldin í Keiluhöllinni Egilshöll og við það tækifæri voru þeir Ásgeir Þór Þórðarson og Ásgrímur helgi Einarsson heiðarðir með gullmerki KLÍ.

Afhjúpaður var gripur til minningar um fyrsta 300 leikinn á Íslandi sem leikinn var af Ásgeiri Þór Þórðarsyni þann 2. Febrúar 1994 í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

REGLULEGT MÓTSHALD KLÍ

Á þessu keppnistímabili kepptu 187 (67 konur og 120 karlar) keilarar í deildarkeppninni í samtals 43 liðum. Þetta er fjölgun um þrjú lið á milli ára. Fjöldi þeirra sem tóku þátt í mótahaldi KLÍ á tímabilinu voru alls 259 keppendur (180 karlar og 79 konur).

Á vegum Keilusambandsins var keppt í eftirtöldum mótum:

- Meistarakeppni KLÍ í september
- Íslandsmót 3ra manna liða í september til maí
- Íslandsmót í tvímenningi deildarliða í október til apríl
- Íslandsmót para í nóvember
- Íslandsmót í tvímenning í október
- Íslandsmót einstaklinga með forgjöf í mars
- Íslandsmót einstaklinga í febrúar
- Bikarkeppni liða í nóvember til maí
- Meistarakeppni ungmenna í október til apríl
- Íslandsmót unglinga í febrúar
- Íslandsmót unglingaliða í október til apríl
- Íslandsmót Öldunga (50+) í mars – apríl

ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI 2022

1. sæti Gústaf Smári Björnsson og Ásgeir Karl Gústafsson
2. sæti Gunnar Þór Ásgeirsson og Bjarni Páll Jakobsson
3. sæti Einar Már Björnsson og Hafþór Harðarson

MEISTARAKEPPNI KLÍ

<i>Karlar:</i>	1. sæti	KFR-Stormsveitin	<i>Konur:</i>	1. sæti	KFR-Valkyrjur
	2. sæti	ÍR-PLS		2. sæti	ÍR-TT

ÍSLANDSMÓT PARA 2022

1. sæti Gunnar Þór Ásgeirsson og Linda Hrönn Magnúsdóttir
2. sæti Jón Ingi Ragnarsson og Katrín Fjóra Bragadóttir
3. sæti Hafþór Harðarson og Elva Rós Hannesdóttir

BIKARKEPPNI LIÐA 2022 – 2023

<i>Karlar:</i>	1. sæti	KFR-Stormsveitin	<i>Konur:</i>	1. sæti	KFR-Valkyrjur
	2. sæti	KFR-Lærlingar		2. sæti	ÍR-TT



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

ÍSLANDSMÓT DEILDARLIÐA 2022-2023

Tafla 2, deildarlið á keppnistímabilinu 2022-2023 og frá árinu 2019. Tímabilið 2015-16 tóku 46 lið þátt í deildarkeppni KLI

Félög	1. deild kvenna	2. deild kvenna	1. deild karla	2. deild karla	3. deild karla	Samtals '22 - '23	Samtals '21 - '22	Samtals '20 - '21	Samtals '19 - '20
KFR	3	1	3	2	-	9	9	9	10
KGB	-	-	-	-	-				
KR	-	-	1	-	1	2	1	1	1
HK	-	-	-	-	-				
ÍR	3	3	5	5	5	21	20	22	23
Þór	-	-	-	1	1	2	2	2	3
KFA	-	1	1	2	1	5	5	5	4
KFK	-	-	-	-	-				
KDK	-	-	-	-	-				
ÍFH	-	-	-	-	-				
Ösp	-	1	-	-	3	4	3	3	2
Samtals	6	6	10	10	11	43	40	42	43

Alls tóku þátt í deildar keppninni veturinn 2022-2023

Konur 64 alls voru 12 lið í deildarkeppni kvenna og því 5,33 konur pr. Lið.

Karlar 138 alls voru 31 lið í deildarkeppni karla og því 4,45 karlar pr. Lið.

Úrslit í liðakeppninni var eftirfarandi:

1. deild kvenna:

1. sæti	KFR-Valkyrjur	Íslandsmeistarar liða 2023
2. sæti	ÍR-TT	
3. sæti	KFR-Afturgöngurnar	
3. sæti	ÍR-Elding	

Deildarmeistarar 1. deildar: KFR – Valkyrjur

Úr 1. deild féllu KFR-Skutlurnar (6. sæti) og Lið ÍR- BK (5. Sæti)

Hæsti leikur:	Hafðís Pála Jónasdóttir (KFR-Valkyrjur)	264
Hæsta sería:	Hafðís Pála Jónasdóttir (KFR-Valkyrjur)	660
Hæsta meðaltal:	Hafðís Eva Pétursdóttir (KFR-Afturgöngur)	183,76

Felludrottning:	Nanna Hólm Davíðsdóttir (ÍR-TT)	4,27
Stigameistari:	Marika Katarína Lönnroth (KFR-Valkyrjur)	0,85

Mestu framfarir: Marika Katarína Lönnroth (KFR-Valkyrjur)

Stjörnuskjöldur:	KFR Valkyrjur	232 Stjörnur
Hæsti leikur liðs:	KFR Valkyrjur	631
Hæsta sería liðs:	ÍR-TT	1.706
Hæsta meðaltal liðs:	KFR Valkyrjur	172,17



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

2. deild kvenna:

Hæsti leikur:	Helga Ósk Freysdóttir (KFR-Ásynjur)	225
Hæsta sería:	Helga Ósk Freysdóttir (KFR-Ásynjur)	599
Hæsta meðaltal:	Elva Rós Hannesdóttir (KFR-Ásynjur)	165,65
Felludrottning:	Elva Rós Hannesdóttir (KFR-Ásynjur)	3,14
Stigameistari:	Helga Ósk Freysdóttir (KFR-Ásynjur)	0,89
Mestu framfarir:	Valgerður Jónsdóttir (ÍR-KK)	
Stjörnuskjöldur:	KFR-Ásynjur	70 Stjörnur
Hæsti leikur liðs:	KFR-Ásynjur	570
Hæsta sería liðs:	KFR-Ásynjur	1584
Hæsta meðaltal liðs:	KFR-Ásynjur	151,79

3. Sæti: ÍA-Meyjur
2. Sæti: ÍR-N
Meistarar: KFR-Ásynjur

1. deild karla: 1. sæti KFR-Stormsveitin Íslandmeistarar liða 2023
2. sæti ÍR-PLS
3. sæti ÍR-L
3. sæti KFR-Lærlingar

Deildarmeistarar 1. deildar: ÍR – PLS

Úr 1. deild féllu ÍR-Land (10. sæti) og Lið KFR-Grænu töffararnir (9. Sæti)

Hæsti leikur:	Mikael Aron Vilhelmsson (KFR Stormsveitin)	299
	Andri Freyr Jónsson (KFR Lærlingar)	299
Hæsta sería:	Jón Ingi Ragnarsson (KFR Lærlingar)	756
Hæsta meðaltal:	Skúli Freyr Sigurðsson (KFR Stormsveitin)	227,0
Fellukóngur:	Skúli Freyr Sigurðsson (KFR Stormsveitin)	6,91
Stigameistari:	Skúli Freyr Sigurðsson (KFR Stormsveitin)	0,89

Mestu framfarir: Tristan Máni Nínuson (ÍR-L)

Stjörnuskjöldur:	KFR Stormsveitin	332 Stjörnur
Hæsti leikur liðs:	KFR Stormsveitin	763
Hæsta sería liðs:	KFR Stormsveitin	2106
Hæsta meðaltal liðs:	ÍR PLS	205,48



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

2. deild karla: 1. sæti **KFR-Þróstur** Deildarmeistarar 2. Deildar 2023 2. sæti Þór 3. sæti ÍA-C

Úr 2. deild féllu ÍA-W (10. sæti) og KFR-JP-Kast (9. sæti).

Hæsti leikur:	Sigurður Björn Bjarkason (ÍR-Naddóður)	290
Hæsta sería:	Sigurður Björn Bjarkason (ÍR-Naddóður)	729
Hæsta meðaltal:	Sigurður Björn Bjarkason (ÍR-Naddóður)	186,32
Fellukóngur:	Sigurður Björn Bjarkason (ÍR-Naddóður)	4,98
Stigameistari:	Ásgeir Karl Gústafsson (KFR-Þróstur)	0,77

Mestu framfarir: Svavar steinn Guðjónsson (KFR-Þróstur)

Stjörnuskjöldur:	KFR-Þróstur	206 Stjörnur
Hæsti leikur liðs:	KFR-Þróstur	671
Hæsta sería liðs:	KFR Þróstur	1.853
Hæsta meðaltal liðs:	KFR-Þróstur	173,64

3. deild karla: 1. sæti **KR-B** Deildarmeistarar 3. Deildar 2023 2. sæti ÍR – NAS 3. sæti Þór-Víkingar

Hæsti leikur:	Elías Borgar Ómarsson (KR-B)	246
Hæsta sería:	Þorleifur Jón Hreiðarsson (KR-B)	619
	Tómas Freyr Garðarsson (ÍA-B)	619
Hæsta meðaltal:	Þorleifur Jón Hreiðarsson (KR-B)	178,83
Fellukóngur:	Þorleifur Jón Hreiðarsson (KR-B)	4,23
Stigameistari:	Þorleifur Jón Hreiðarsson (KR-B)	0,87

Mestu framfarir: Tómas Freyr Garðarsson (ÍA-B)

Stjörnuskjöldur:	Þór-Víkingar	153 Stjörnur
Hæsti leikur liðs:	ÍR-Geirfuglar	569
Hæsta sería liðs:	KR-B	1.647
Hæsta meðaltal liðs:	KR-B	157,67



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA MEÐ FORGJÖF

Íslandsmóti einstaklinga í keilu með forgjöf fór fram dagana 18. til 21. febrúar 2023. Keppt var í karla og kvennaflokki. Alls tóku 32 karlar og 21 kona þátt í mótinu, en fjölgun varð í mótinu þetta árið um 9 manns (fjölgun hjá konum um 2, og hjá körlum um 7) á milli ára. Sigurvegarar voru eftirtaldir:

Karlaflokkur með forgjöf:

1. sæti **Viktor Snær Guðmundsson, ÍR - Íslandsmeistari karla með forgjöf 2023**
2. sæti Svavar Steinn Guðjónsson KFR
3. sæti Ásgeir Karl Guðafsson, KFR

Kvennaflokkur með forgjöf:

1. sæti **Viktoría Hrund Þórisdóttir, KFR - Íslandsmeistari kvenna með forgjöf 2023**
2. sæti Ágústa Kristín Jónsdóttir, ÍA
3. sæti Steinunn Inga Guðmundsdóttir, ÍA

ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA

Íslandsmóti einstaklinga í keilu lauk 21. mars 2023. Keppt var í karla og kvennaflokki. Alls tóku 40 einstaklingar þátt í mótinu 25 í karlaflokki og 15 í kvennaflokki og er það 4 keppendum færri en þegar síðast mótið var haldið. Íslandsmeistararnir unnu sér rétt til þátttöku í Evrópubikarmóti einstaklinga sem mun fara fram í Berlín, Þýskalandi dagana 23. – 29. Okt. n.k. Sigurvegarar voru eftirtaldir:

Kvennaflokkur án forgjafar:

1. sæti **Katrín Fjóra Bragadóttir, KFR – Íslandsmeistari kvenna 2023**
2. sæti Linda Hrönn Magnúsdóttir, ÍR
3. sæti Nanna Hólm Davíðsdóttir, ÍR

Karlaflokkur án forgjafar:

1. sæti **Hinrik Óli Gunnarsson, ÍR - Íslandsmeistari karla 2023**
2. sæti Mikael Aron Vilhelmsson KFR
3. sæti Aron Hafþórsson, KFR

Verðlaunadreifing á milli félaga í öllum Íslandsmótum einstaklinga (Íslandsmót einstaklinga, Íslandsmót einstaklinga með forgjöf, Íslandsmót Öldunga og Íslandsmót unglunga, opin flokkur) varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull	Silfur	Brons	Samt. '23	Samt. '22	Samt. '21	Samt. '20	Samt. '19
KFR – Keilufélag Reykjavíkur	3	4	4	11	6	6	1	3
ÍR – Keiludeild ÍR	4	3	2	9	15	4	4	7
ÍFH – Íþróttafélag Heyrnarlausra	-	-	-		-	-	-	-
KR – Keiludeild KR	1	-	1	2	-	-	-	-
KFA – Keilufélag Akraness	-	1	1	2	3	2	1	2
KDK – Keiludeild Kjalarness	-	-	-		-	-	-	-
ÞÓR – Keiludeild Þórs	-	-	-		-	-	-	-
Samtals	8	8	8	24	24	12	6	12



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

ÍSLANDSMÓT ÖLDUNGA

Íslandsmóti Öldunga í keilu lauk 6. mars 2023. Keppt var í karla og kvenna flokki. Þátt tóku í mótinu 17 karlar og 11 konur sem er 8 korpum fleiri en á síðasta ári en sami fjöldi hjá konum.

Sigurvegarar voru eftirtaldir:

Konur

1. sæti **Guðný Gunnarsdóttir, ÍR – Íslandsmeistari Öldunga 2023**
2. sæti Bára Ágústsdóttir, ÍR
3. sæti Linda Hrönn Magnúsdóttir, ÍR

Karlar

1. sæti **Kristján Þórðarson, KR – Íslandsmeistari Öldunga 2023**
2. sæti Þórarinn Már Þorbjörnsson, ÍR
3. sæti Matthías Helgi Júlíusson, KR

ÍSLANDSMÓT UNGLINGA 2023

Íslandsmóti unglunga í keilu lauk með úrslitum sunnudaginn 12. mars 2023.

Alls kepptu 38 börn og unglingar í fimm flokkum pílta og stúlkna, en fækkur varð um 1 barn á milli ára. Skipting á milli félaga var eftirfarandi:

Þátttakendur	Dr. '23	St. '23	Samtals '23	Dr. '22	St. '22	Samtals '22	Dr. '21	St. '21	Samtals '21	Samtals '20	Samtals '19
KFR	7	4	11	6	4	10	6	3	9	5	7
KFA	7	3	10	5	3	8	5	4	9	11	9
ÍR	8	6	14	6	5	11	8	4	12	15	15
KR											
Þór											1
Ösp	3		3								
Samtals	25	13	38	17	12	29	19	11	30	31	32

Keppendur í 1. og 2. flokki léku 12 leiki í forkeppni en keppendur í 3., 4. og 5. flokki léku 8 leiki.

Keppt var í opnum flokki unglunga strax á eftir úrslitum í Íslandsmóti unglunga.

Verðlaunadreifing á milli félaga í mótinu varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull 23	Silfur 23	Brons 23	Samt. 23	Gull 22	Silfur 22	Brons 22	Samt. 22	Samt. 21	Samt. 20	Samt. 19	Samt. 18	Samt. 17
KFR	4	5	4	13	5	2	1	8	8	6	6	7	7
KFA	2	1	2	5	1	3	2	6	6	7	6	5	7
ÍR	4	1	1	6	3	4	3	10	9	10	14	10	10
Þór											2	4	3
Ösp	1	1	1	3									
Samtals	11	8	8	27	9	9	6	24	23	23	28	26	27



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Úrslit voru eftirfarandi:

Íslandsmeistarar í flokkum eru þeir sem eru feitletraðir.

Opinn flokkur – PILTAR

Íslandsmeistari unglunga í OPNUM FLOKKI

Mikael Aron Vilhelmsson	KFR
Ásgeir Karl Gústafsson	KFR
Matthías Ernir Gylfason	KFR

Opinn flokkur – STÚLKUR

Íslandsmeistari unglunga í OPNUM FLOKKI

Olivia Clara Steinunn Lindén	ÍR
Alexandra Kristjánsdóttir	KFR
Hafðís Eva Laufdal Pétursdóttir	KFR

PILTAR:

1. fl.	Stefán Matti Sigurðsson	ÖSP
	Árni Páll Guðjónsson	ÖSP
	Ólafur Þór Jónsson	ÖSP
2. fl.	Mikael Aron Vilhelmsson	KFR
	Matthías Leó Sigurðsson	ÍA
	Ásgeir Karl Gústafsson	KFR
3. fl.	Svavar Steinn Guðjónsson	KFR
	Matthías Ernir Gylfason	KFR
	Viktor Snær Guðmundsson	ÍR
4. fl.	Gottskálf Ryan Guðjónsson	ÍR
	Sigurður Magnússon	KFR
	Haukur Leó Ólafsson	ÍA

STÚLKUR:

1. fl.	Hafðís Eva Laufdal Pétursdóttir	KFR
	Olivia Clara Steinunn Lindén	ÍR
	Alexandra Kristjánsdóttir	KFR
2. fl.	Nína Rut Magnúsdóttir	ÍA
3. fl.	Særós Erla Jóhannudóttir	ÍA
	Dagbjört Freyja Gigja	ÍR
4. fl.	Bára Líf Gunnarsdóttir	ÍR
	Alexandra Erla Guðjónsdóttir	KFR
	Friðmey Dóra Richter	ÍA

MEISTARAKEPPNI UNGMENNA 2022-2023

Meistarakeppni ungmenna hófst í október. Leiknar voru 5 umferðir og voru veitt verðlaun fyrir hverja umferð en jafnframt voru gefin stig eftir því í hvaða sæti keppandi lenti. Leikmaður safnaði stigum og eftir allar umferðirnar kom í ljós hver varð „Meistari ungmenna“ í hverjum flokki. Ekki voru veitt verðlaun yfir allt árið nema keppandi hafi keppt í meira en helming umferða. Í vetur kepptu 36 piltar og 17 stúlkur eða alls 53 börn og unglingar í mótinu. Þetta er fjölgun frá fyrra ári eða 6 ungmenni.

1. fl. pilta (2002-2004)

1.sæti	Ísak Birkir Sævarsson	ÍA	46
2.sæti	Hinrik Óli Gunnarsson	ÍR	40
3.sæti	Aron Hafþórsson	KFR	37

2. fl. pilta (2005-2007)

1.sæti	Mikael Aron Vilhelmsson	KFR	48
2.sæti	Tristan Máni Nínuson	KFR	40
3.sæti	Matthías Leó Sigurðsson	ÍA	35

1. fl. stúlkna (2002-2004)

1. sæti	Málfríður Jóna Freysdóttir	KFR	46
2. sæti	Elva Rós Hannesdóttir	KFR	32
3. sæti			

2. fl. stúlkna (2005-2007)

1. sæti	Hafðís Eva Laufdal Pétursdóttir	KFR	48
2. sæti	Viktória Þórisdóttir	KFR	40
3. sæti	Nína Rut Magnúsdóttir	ÍA	26



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

3. fl. piltar (2008-2010)

1. sæti	Ásgeir Karl Gústafsson	KFR	48
2. sæti	Svavar Steinn Guðjónsson	KFR	38
3. sæti	Viktor Snær Guðmundsson	ÍR	37

3. fl. stúlkna (2008-2010)

1. sæti	Særós Erla Jóhannudóttir	ÍA	48
2. sæti	Dagbjört Freyja Gigja	ÍR	40
3. sæti			

4. fl. piltar (2011-2013)

1. sæti	Gottskálk Ryan Guðjónsson	ÍR	48
2. sæti	Haukur Leó Ólafsson	ÍA	38
3. sæti	Sigurður Magnússon	KFR	30

4. fl. stúlkna (2011-2013)

1. sæti	Bára Líf Gunnarsdóttir	ÍR	48
2. sæti	Friðmey Dóra Richter	ÍA	36
3. sæti	Alexandra Erla Guðjónsdóttir	KFR	35

ÍSLANDSMÓT UNGLINGALIÐA 2022-2023

Í liðakeppninni tóku þátt 7 lið, 2 frá ÍA og 2 frá KFR og 3 ÍR. Leiknar voru 5 umferðir og úrslit.

Íslandsmeistarar unglingsliða 2023 er KFR-Hammer

Afreksstarf KLÍ 2022-2023

Aðeins hefur rofað til í erlenda samstarfinu eftir Covid, í júní var loksins komið að EMC í Helsinki en mótinu hafði verði fresta þrisvar sinnum.

Evrópumót karla liða (EMC2022) í Helsinki, Finnlandi dagana 30.05. – 11.06.2022

Lið Íslands skipuðu þeir:

Andri Freyr Jónsson

Arnar Davíð Jónsson

Guðlaugur Valgeirsson

Gunnar Þór Ásgeirsson

Hafþór Harðarsson

Skúli Freyr Sigurðsson

Árangur var eftirfarandi: Alls 146 keppendur

Enstaklingar:	Arnar Davíð Jónsson	51. Sæti
	Hafþór Harðarsson	66. Sæti
	Skúli Freyr Sigurðsson	96. Sæti
	Guðlaugur Valgeirsson	97. Sæti
	Andri Freyr Jónsson	105. Sæti
	Gunnar Þór Ásgeirsson	111. Sæti



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Tvímenningsur: Alls 73 tvímanninga

Ísland 3	Arnar Davíð – Hafþór	21. Sæti
Ísland 1	Andri Freyr – Guðlaugur	30. Sæti
Ísland 2	Gunnar Þór – Skúli Freyr	41. Sæti

Premenningar: Alls 48 trío

Ísland 2	Skúli Freyr – Arnar Davíð – Hafþór	15. Sæti
Ísland 1	Andri Freyr – Guðlaugur – Gunnar Þór	34. Sæti

Liða keppni: Alls 24 lið.

Ísland	Gunnar – Arnar – Hafþór – Guðlaugur – Skúli	9. Sæti
--------	---	---------

All event:

Arnar Davíð Jónsson	33. Sæti
Skúli Freyr Sigurðsson	59. Sæti
Hafþór Harðarsson	73. Sæti
Guðlaugur Valgeirsson	76. Sæti
Gunnar Þór Ásgeirsson	90. Sæti
Andri Freyr Jónsson	119. Sæti

Ef skoðað er heildar pinna fall þjóðanna þá er Ísland í 10. Sæti af 25 þjóðum sem þátt tóku að þessu sinni.

IBF – U21 í Helsingborg dagana 19.06. – 30.06.2022

Keppendur Íslands voru.

Stúlkur:

Alexandra Kristjánsdóttir

Elva Rós Hannesdóttir

Hafðís Eva Laufdal Pétursdóttir

Málfríður Freysdóttir



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Piltar:

Hinrik Óli Gunnarsson

Ísak Birkir Sævarsson

Jóhann Ársæll Atlason

Mikael Aron Vilhelmsson

Einstaklingskeppni:

Piltar keppendur 136

Ísak Birkir Sævarsson	62. sæti
Jóhann Ársæll Atlason	83. sæti
Mikael Aron Vilhelmsson	99. sæti
Hinrik Óli Gunnarsson	130. sæti

Súlkur keppendur 86

Elva Rós Hannesdóttir	47. Sæti
Hafðís Eva L. Péturdóttir	70. Sæti
Alexandra Kristjánsdóttir	76. Sæti
Málfríður Jóna Freysdóttir	81. Sæti

Tvímennigur

Piltar 68 pör

Ísland 2	38. Sæti
Ísland 1	53. Sæti

Stúlkur 43 pör

Ísland 1	39. Sæti
Ísland 2	40. Sæti

Liðakeppni

Piltar 33 lið

Ísland	12. Sæti
--------	----------



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Stúlkur 19 lið

Ísland 17. Sæti

Blönduð lið 41 lið

Ísland 1 30. Sæti

Ísland 2 40. Sæti

Evrópumót Öldunga ESBC var haldið í Berlín dagana 25.06. – 03.07.2022

Alls var Ísland með 25 keppendur í mótinu

Helstu afrek ferðarinnar eru úr einstaklingskeppninni þar sem að Guðmundur Konráðsson náði í silfur í C flokki þar

sem að voru 252 keppendur og Linda Hrönn Magnúsdóttir náði í brons í B flokki þar sem að voru 70 keppendur.

Einstaklingskeppni

Í A flokki Anna Kristín Óladóttir 36 af 67 og Guðmundur Sigurðsson 30 af 99.

Í B flokki Linda Hrönn Magnúsdóttir 3 af 70 Telma Jónsson 9 af 70 og Kristján Þórðarsson 57 af 150

Í C flokki Herdís Gunnarsdóttir 56 af 90 og Guðmundur Konráðsson 2 af 252

Tvímenningsur

Í A flokki Anna Kristín og Ragna Guðrún 31 sf 46 og Guðmundur og Kristján 27 af 70

Í B flokki Bára og Telma 17 af 33 og Njáll og Höskuldur 76 af 78

Í C flokki Mundi og Tóti 12 af 103

Þrímenningur Nína, Halldóra og Guðbjörg 49 af 75 og Gummi með svíum 19 af 168 og Kristján, Njáll og Höskuldur í 153 af 168

Fínasti árangur okkar fólks á móti þar sem að keppendur eru hátt í 1000 manns.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Evrópumót kvennaliða (EWC) í Álaborg, Danmörku dagana 09. – 21. Áúst 2022.

Lið Íslands skipuðu þær:

- Helga Ósk Freysdóttir
- Katrín Fjóra Bragadóttir
- Linda Hrönn Magnúsdóttir
- Margrét Björg Jónsdóttir
- Marika Lönnroth
- Málfríður Jóna Freysdóttir

Einstaklingskeppni

Árangur var eftirfarandi, en alls tóku þátt 102 keppendur.

Katrín Fjóra Bragadóttir	57. Sæti
Margrét Björg Jónsdóttir	73. Sæti
Marika Katarina Lönnroth	76. Sæti
Helga Ósk Freysdóttir	81. Sæti
Málfríður Jóna Freysdóttir	97. Sæti
Linda Hrönn Magnúsdóttir	100. Sæti

Tvímennigur, þátt tóku 50 tvímenningar

Helga Ósk / Katrín Fjóra	37. Sæti
Margrét Björg / Marika	47. Sæti
Málfríður / Linda Hrönn	49. sæti

Þrímenningur, þátt tóku 32 þrímenningar

Marika / Helga / Katrín	27. sæti
Málfríður / Margrét / Linda	32. Sæti



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Liða keppni 5 manna lið, þátt tóku 14 lið

Ísland varð í 14. Sæti

All event þá varð niðurstaðan þessi alls voru 102 keppendur:

Helga Ósk Freysdóttir	80. Sæti
Katrín Fjóra Bragadóttir	82. Sæti
Marika Katarina Lönnroth	85. Sæti
Margrét Björg Jónsdóttir	94. Sæti
Linda Hrönn Magnúsdóttir	97. Sæti
Málfríður Jóna Freysdóttir	100. Sæti

Evrópumót unglunga (EYC) í Wittelsheim, Frakklandi dagana 01. – 10. September 2022

Þar áttum við sex keppendur. Alls vor 93 piltar og 59 stúlkur sem tóku þátt í mótinu.

Piltar:

Aron Hafþórsson
Hinrik Óli Gunnarsson
Ísak Birkir Sævarsson
Mikael Aron Vilhelmsson.

Stúlkur:

Hafðís Eva Laufdal Pétursdóttir
Særós Erla Jóhannudóttir.

Leikið var í einstaklings, tvímennings og liðakeppni.
Ekki áttum við neinn á palli en árangur hjá okkur var eftirfarandi

Einstaklingur piltar:

27. Sæti Mikael Aron Vilhelmsson með 201,5 í meðaltal.
31. Sæti Aron Hafþórsson með 199,3 í meðaltal.
56. Sæti Hinrik Óli Gunnarsson með 187 í meðaltal.
76. Sæti Ísak Birkir Sævarsson með 170,7 í meðaltal.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Einstaklingur stúlkur:

36. Sæti Hafdís Eva Laufdal Pétursdóttir með 167,7 í meðaltal

59. Sæti Særós Erla Jóhannudóttir með 123,7 í meðaltal

Tvímenningskeppni piltar alls 45 tvímenningar

27. Sæti Ísak Birkir Sævarsson og Mikael Aron Vilhelmsson

40. Sæti Aron Hafþórsson og Hinrik Óli Gunnarsson

Tvímenningur Stúlkur alls 28 tvímenningar

27. Sæti Hafdís eða Laufdal Pétursdóttir og Særós Erla Jóhannudóttir

Liðakeppni piltar alls voru 21 lið

Ísland varð í 13. sæti af 21

Í samanlögðu vað niðurstaðan eftirfarandi:

Piltar 93 keppendur

43. sæti Mikael Aron Vilhelmsson meðaltal 189,3

57. sæti Ísak Birkir Sævarsson meðaltal 186,1

61. sæti Hinrik Óli Gunnarsson meðaltal 183,9

70. sæti Aron Hafþórsson meðaltal 177,6

Stúlkur 59 keppendur

43. sæti Hafdís Eva Laufdal Pétursdóttir meðaltal 160,4

59. sæti Særós Erla Jóhannudóttir meðaltal 129,1

Malta Invitational Games 2022 3. – 10. október

Boðsmót haldið af Maltnesku olympíunefndinni vegna Smáþjóðaleika. Þáttakendur frá Íslandi voru:

Arnar Davíð Jónsson

Elva Rós Hannesdóttir

Jóhann Ársæll Atlason

Katrín Fjóra Bragadóttir

Einstaklings keppni

Arnar Davíð Jónsson 2. Sæti

Katrín Fjóra Bragadóttir 2. Sæti



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Tvímenningsur

Arnar Davíð / Jóhann Ársæll 1. Sæti
Katrín Fjóra / Elva Rós 2. Sæti

Liðakeppni

ÍSLAND 1. Sæti

All event

Arnar Davíð Jónsson 1. Sæti
Jóhann Ársæll Atlason 4. Sæti

Katrín Fjóra Bragadóttir 3. Sæti
Elva Rós Hannesdóttir 4. Sæti

Uppskeran á mótinu var því eftirfarandi:

Gull	3
Silfur	3
Brons	1

Evrópumót einstaklinga ECC2022

Okkar keppendur að þessu sinni voru Arnar Davíð Jónsson og Linda Hrönn Magnúsdóttir. Gengi okkar keppenda var nokkuð misjafnt, en Linda Hrönn endaði í 32. sæti af 33 keppnedum og komst ekki áfram í keppninni. Arnar Davíð endaði forkeppnina í 10. Sæti og komst áfram í milliriðil og vnantaði 9 pinna uppá að komast í top 8, en niðurstaðn var 10. Sæti.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Evrópumót Öldunga ESC2023, Álaborg dagana 25.01. – 05.02.2023

Lið Íslands var þannig skipað:

Konur:

Bára Ágústsdóttir
Guðný Gunnarsdóttir
Helga Sigurðardóttir
Linda Hrönn Magnúsdóttir

Karlar:

Freyr Bragason
Guðmundur Sigurðsson
Matthías Helgi Júlíusson
Þórarinn Már Þorbjörnsson

Einstaklingskeppni

Árangur var eftirfarandi, en alls tóku þátt 164 keppendur, 93 karlar og 71 kona.

Konur

45. sæti	Helga Sigurðardóttir
63. sæti	Guðný Gunnarsdóttir
67. sæti	Linda Hrönn Magnúsdóttir
68. sæti	Bára Ágústsdóttir

Karlar:

73. sæti	Guðmundur Sigurðsson
77. sæti	Þórarinn Már Þorbjörnsson
83. sæti	Freyr Bragason
87. sæti	Matthías Helgi Júlíusson

Tvímenningsur, þátt tóku 81 tvímenningsur, 35 kvenna og 46 karla.

Konur:

27. sæti	Guðný og Linda
28. sæti	Bára og Helga

Karlar:

35. sæti	Freyr og Guðmundur
36. sæti	Matthías og Þórarinn



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Liðakeppni alls tóku þátt 40 lið, 23 karla og 17 kvenna.

Konur

16. sæti

Karlar

18. sæti

Samanlagður árangur keppenda

Konur:

55. sæti	Helga Sigurðardóttir
58. sæti	Guðný Gunnarsdóttir
65. sæti	Bára Ágústsdóttir
67. sæti	Linda Hrönn Magnúsdóttir

Karlar:

62. sæti	Guðmundur Sigurðsson
67. sæti	Þórarinn Már Þorbjörnsson
74. sæti	Freyr Bragason
87. sæti	Matthías Helgi Júlíusson

Friendly games Doha, Qatar dagana 12.02. – 19.02.2023

Alls tóku þátt í leikum 40 piltar og 24 stúlkur frá 6 þjóðum.

Lið Íslands var þannig skipað:

Stúlkur:

Alexandra Kristjánsdóttir
Elva Rós Hannesdóttir
Hafðís Eva Laufdal Pétursdóttir
Málfríður Jóna Freysdóttir

Piltar:

Aron Hafþórsson
Hinrik Óli Gunnarsson
Ísak Birkir Sævarsson
Mikael Aron Vilhelmsson



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Einstaklingskeppni

Stúlkur:

- 3. sæti Hafdís Eva Pétursdóttir
- 15. sæti Alexandra Kristjánsdóttir
- 17. sæti Málfríður Jóna Freysdóttir
- 18. sæti Elva Rós Hannesdóttir

Piltar:

- 7. sæti Mikael Aron Vilhelmsson
- 13. sæti Ísak Birkir Sævarsson
- 15. sæti Aron Hafþórsson
- 26. sæti Hinrik Óli Gunnarsson

Tvímenningsur

Stúlkur:

- 9. sæti Hafdís og Alexandra
- 10. sæti Málfríður og Elva

Piltar:

- 5. sæti Mikael og Aron
- 10. sæti Hinrik og Ísak

Liðakeppni

Stúlkur lið Íslands í 6. Sæti af 6 liðum

Piltar lið Íslands í 3. Sæti af 10 liðum

Samanlagt

Stúlkur:

- 6. sæti Hafdís Eva Pétursdóttir
- 15. sæti Elva Rós Hannesdóttir
- 20. sæti Málfríður Jóna freysdóttir
- 23. sæti Alexandra Kristjánsdóttir

Piltar:

- 5. sæti Mikael Aron Vilhelmsson
- 13. sæti Aron Hafþórsson
- 15. sæti Ísak Birkir Sævarsson
- 24. sæti Hinrik Óli Gunnarsson



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Master

Stúlkur:

6. sæti Hafdís Eva Pétursdóttir

Piltar:

4. sæti Mikael Vilhelmsson

8. sæti Aron Hafþórsson

Evrópumót unglunga (EYC) í Vínaborg, Austurríki dagana 01. – 10. Apríl 2023

Þar áttum við átta keppendur. Alls vor 96 piltar og 72 stúlkur sem tóku þátt í mótinu.

Lið Íslands var þannig skipað:

Piltar:

Ásgeir Karl Gústafsson
Matthías Leó Sigurðsson
Mikael Aron Vilhelmsson
Tristan Máni Nínuson

Stúlkur:

Alexandra Kristjánsdóttir
Hafdís Eva Pétursdóttir
Olivia Clara Lindén
Viktoría Hrund Þórisdóttir

Tvímenningsur:

Stúlkur: 35 tvímenningsur

18. sæti Olivia Clara og Hafdís Eva

29. sæti Alexandra og Viktoría

Piltar: 45 tvímenningsur

11. sæti Ásgeir og Mikael

36. sæti Matthías og Tristan



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Liðakeppni

Stúlkur: 15 lið

9. sæti Hafdís, Alexandra, Olivia og Vktoría

Piltar: 19 lið

6. sæti Ásgeir, Tristan, Matthías og Mikael
Einstaklings keppni

Piltar: 95 piltar tóku þátt

21. sæti Mikael Aron Vilhelmsson

32. sæti Mattías Leó Sigurðsson

64. sæti Tristan Máni Nínuson

70. sæti Ásgeir Karl Gústafsson

Stúlkur: 72 stúlkur tóku þátt

26. sæti Hafdís Eva Pétursdóttir

33. sæti Olivia Clara Lindén

43. sæti Alexandra Kristjánsdóttir

48. sæti Viktoria Hrund Þórisdóttir

Samanlagt:

Piltar: 96 piltar tóku þátt

23. sæti Mikael Aron Vilhelmsson

31. sæti Ásgeir Karl Gústafsson

60. sæti Mattías Leó Sigurðsson

65. sæti Tristan Máni Nínuson

Stúlkur: 72 stúlkur tóku þátt

24. sæti Hafdís Eva Pétursdóttir

41. sæti Alexandra Kristjánsdóttir

50. sæti Olivia Clara Lindén

59. sæti Viktoria Hrund Þórisdóttir

1. deild karla

Íslandsmót liða 2021 - 2022

Staðan eftir 18. umferð

#	Lið	Leikir	U	J	T	U	J	T	Skor liðs		Skor móth.	Stj.	Stig
1	ÍR-PLS		18	119	1	42	61	0	11	33.287	28.864	322	198,5
2	KFR-Stormsveitin		18	112	2	48	51	1	20	32.931	30.076	332	177,5
3	ÍR-L		18	93	5	64	43	0	29	31.101	30.247	278	150,5
4	KFR-Lærlingar		18	88	1	73	46	0	26	32.448	31.118	304	147,5
5	ÍA		18	90	1	71	44	0	28	31.005	29.450	263	146,5
6	ÍR-KLS		18	77	2	83	34	0	38	30.629	31.282	273	120
7	ÍR-A		18	71	2	89	35	1	36	30.376	31.112	244	113,5
8	KR-A		18	62	3	97	22	0	50	28.334	30.190	218	90,5
9	KFR-Grænu töffarnir		18	53	0	109	15	0	57	27.856	30.836	204	70
10	ÍR-Land		18	36	1	125	8	0	64	26.278	31.070	151	45,5

Árangur liða

ÍR-PLS

Nafn	Vensl	Skor vetrar		Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur	
		# L Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik	Seria
Bjarni Páll Jakobsson		27	5.307	196,56	20	0,7	151	5,6	256
Einar Már Björnsson		42	8.521	202,88	29,5	0,7	249	5,9	279
Gunnar Þór Ásgeirsson		46	9.670	210,22	37	0,8	301	6,5	259
Hafþór Harðarson		44	9.351	212,52	33	0,8	284	6,5	267
Hörður Ingi Jóhannsson		3	438	146	0	0	7	2,3	173

KFR-Stormsveitin

Nafn	Vensl	Skor vetrar		Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur	
		# L Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik	Seria
Aron Hafþórsson	KFR-Þróstur	37	7.589	205,11	26	0,7	225	6,1	269
Ásgeir Karl Guðastfsson	KFR-Þróstur	23	4549	197,78	15	0,7	124	5,4	231
Blindur		3	0	0	0	0	0	0	0
Guðjón Júlíusson		8	1560	195	4	0,5	39	4,9	276
Guðstaf Smári Björnsson		21	4.531	215,76	17	0,8	138	6,6	285
Mikael Aron Vilhelmsson		47	9.481	201,72	30,5	0,6	265	5,6	299
Skúli Freyr Sigurðsson		23	5.221	227	20,5	0,9	159	6,9	278

ÍR-L

Nafn	Vensl	Skor vetrar		Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur	
		# L Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik	Seria
Adam Pawel Blaszczyk		52	10.401	200,02	36	0,7	270	5,2	257
Hinrik Óli Gunnarsson		46	8.837	192,11	24,5	0,5	258	5,6	267
Tristan Máni Ninuson		41	7.736	188,68	22,5	0,5	227	5,5	251
Þórarinn Már Þorbjörnsson		23	4.127	179,43	12,5	0,5	90	3,9	237

KFR-Lærlingar

Nafn	Vensl	Skor vetrar		Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur	
		# L Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik	Seria
Alexander Halldórsson		24	4.398	183,25	11	0,5	106	4,4	267
Andri Freyr Jónsson		54	11.137	206,24	31	0,6	334	6,2	299
Freyr Bragason		48	9.231	192,31	24,5	0,5	214	4,5	255
Jón Ingi Ragnarsson		36	7.682	213,39	22	0,6	222	6,2	295

ÍA

Nafn	Vensl	Skor vetrar		Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur	
		# L Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik	Seria
Guðmundur Sigurðsson		18	3.473	192,94	10	0,6	88	4,9	247
Hlynur Helgi Atlason	ÍA-C	4	620	155	2	0,5	12	3	177
Ísak Birkir Sævarsson		54	10.584	196	37	0,7	302	5,6	265
Jóhann Ársæll Atlason		29	5.374	185,31	13	0,4	140	4,8	268
Magnús Sigurjón Guðmundsson		51	9.840	192,94	27,5	0,5	252	4,9	258
Matthías Leó Sigurðsson	ÍA-C	6	1.114	185,67	1	0,2	27	4,5	288

ÍR-KLS

Nafn	Vensl	Skor vetrar		Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur		
